

Nd.

497. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig: Sjerhverjum bifreiðaeiganda er skylt að kaupa í tryggingarfelagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því trygð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvihjóla bifreiðir og þær þrihjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðir, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfjelaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsg., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sje tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegamálastjóri hefir óskað þess, að samgöngumálanefnd flytti þetta frumvarp, og hefir hún orðið við þeim tilmælum hans.

Vegamálastjóri skýrir ástæðurnar fyrir nauðsyn frumvarpsins með brjefi, sem er svo hljóðandi:

»Það hefir komið í ljós, að núgildandi ákvæði um tryggingarskyldu eru óheppileg, svo erfitt er eða ógerlegt að fá bifreiðir tryggðar á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í lögnum. Er talið nauðsynlegt, að sama tryggingarupphæð verði

ákveðin fyrir hverja bifreið, en ekki hærri upphæð af fyrstu bifreið, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda. Slíkt ákvæði er aðeins eðlilegt, ef eigandi kys heldur þann kost, sem lögin og hafa heimilað, að setja verðmæti að tryggingu, en ekki tryggingarskírteini frá vátryggingarfélagi.

Að öðru leyti er hjér ekki lögð til hækkun á tryggingarskylduupphæðinni frá því, sem er í lögum frá 1927.

Í reyndinni er mjög líttill munur á iðgjöldum fyrir 10 þús. kr. tryggingu og 3500 kr. vegna þess, að stórslysín eru tiltölulega fátíðari. Af þessari ástæðn þykir og rjett að heimila, að eigandi bifreiðar þurfi ekki að vátryggja fyrir smá-slysum, þar sem koma fyrir bætur innan við 200 kr., enda beri hann þá sjálfur ábyrgð á þeim. Er það ákvæði sett með því að upplýst er, að 20% afsláttur fæst á iðgjöldum.

Í Danmörku hefir lágmark skyldutryggingar verið hækkað í 30 þús. kr. og er iðgjaldið fyrir þá tryggingarupphæð frá kr. 70—240 kr. á ári, lægst fyrir bifreiðir til eigin nota, en hæst fyrir litlar leigubifreiðir í Kaupmannahöfn. Fyrir 40 þús. kr. tryggingu hækkar iðgjaldið um 15—20 kr. og síðan nemur hækkun iðgjaldsins enn lægri upphæð fyrir hverjar 10 þús. kr. sem tryggingin hækkar, alt niður í 3—15 kr.

Í Noregi er lágmark skyldutryggingar nú 20 þús. kr. og er iðgjaldið kr. 45—150 kr. á ári, og hækkar þar líkt að tiltölu og í Danmörku.